

Fimmtudaginn 20. nóvember 1975.

Nr. 133/1974. **Jón Bergsteinsson**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Ríkissaksóknara og

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Jón Þorsteinsson hrl.).

Dó m e n d u r :

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.**

Handtaka. Leit. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 11. júlí 1974. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum 50.000 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1972 til 21. júlí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. ágúst 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjaf-sóknarmál, en gjafsókn í máli þessu er lögmælt, sbr. 154. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 74/1974.

Stefndi krefst staðfestingar hérðasdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er lýst aðdraganda að því, að lögreglumenn stöðvuðu bifreiðina Y 741, er áfrýjandi var farþegi í hinn 21. júlí 1972, svo og því, með hvaða hætti lögreglumen fluttu hann á lögreglustöð ásamt sjö öðrum ungmennum, sem í bifreiðinni voru. Þar er og lýst vistun hans í fangaklefa og leit á honum. Svo sem greinir í héraðsdómi, höfðu lögreglu-menn spurnir af fyrirhuguðu ferðalagi ungmenna í bifreið þessari það kvöld, er atburðir þeir gerðust, sem eru undirrótt málssóknarinnar. Samkvæmt heimild lögreglumanna var ætlandi, að meðal farþega væru tveir menn, sem gruaðir höfðu verið um misferli með fíkniefni. Var sú vitneskja lög-reglumanna kveikja að því, að bifreiðin var stöðvuð í því skyni að leita að fíkniefnum.

Málssókn áfrýjanda er reist á 151., sbr. 150., 154. og 155. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 74/1974. Er kröfugerð á því byggð, að handtaka áfrýjanda, flutningur á honum að óvilja hans á lögreglustöðina í Reykjavík og leit á honum þar svo og leit í bifreiðinni Y 741 við lögreglustöðina hafi verið ólög-mæt, svo að baki stefnda bótaskyldu samkvæmt greindum lagaákvæðum. Er ólögmæti aðgerða talið stafa af því einum þræði, að tilefni hafi eigi verið til þeirra, en öðrum þræði hafi skort úrskurð dómara. Þá er því einnig haldið fram, að aðgerðir lögreglu hafi verið framkvæmdar með óþarflega hættulegum, særandi og móðgandi hætti.

Í máli þessu er krafist miskabóta, en eigi bóta fyrir fjár-tjón.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, veittu ökumaður og nokkrir farþegar í bifreiðinni Y 741 lögreglumönnum mikla mót-spyrnu á vettvangi, er þeir hugðust flytja þá með sér til lögreglustöðvar, en þetta átti þó eigi við um áfrýjanda. Leitt er í ljós, að mikil umferð var um vegarsvæði það, sem bif-reiðin var stöðvuð á. Þegar af þessum ástæðum var lögreglu-mönnum rétt að færa alla þá, sem í bifreiðinni voru, á lög-reglustöð. Handtakan var heimil samkvæmt 61. gr., 4. tölulíð, laga nr. 82/1961, eins og aðstæðum var farið.

Svo sem mál þetta horfði við lögreglumönnum, höfðu þeir fullnægjandi ástæðu til að framkvæma leit á áfrýjanda og öðrum þeim, sem voru í bifreiðinni Y 741, en þar reyndust vera ýmsir þeir, sem sætt höfðu rannsókn vegna misferlis með fíkniefni, skömmu áður en athurðir þessir gerðust. Bar lögreglumönnum að hafa vakandi auga með atferli þeirra, sbr. 34. og 35. gr. laga nr. 82/1961. Það er viðurkennt í mál-inu, að áfrýjandi þekkti vel til flestra farþeganna. Þá er þess að geta, að við lögreglurannsókn nokkrum mánuðum áður höfðu tveir af þeim, sem voru farþegar í bifreiðinni Y 741, bendlað áfrýjanda við ólögmætt atferli í sambandi við fíkniefni. Efnum þeim, sem leit beindist að, er auðleynt, og verður að ætla, að nauðsyn hafi borið til skjótrar leitar, eins og hér hagaði til. Þegar þessa er gætt og þess enn fremur, að áfrýj-andi kveður eigi afdráttarlaust í aðiljaskýrslu sinni upp úr

um, að hann hafi andmælt leit, þykir eigi verða talið, að það valdi ólögmæti leitar, að lögreglumenn öfluðu eigi dómsúrskurðar, sbr. 54. og 56. gr. laga nr. 82/1961. Áfrýjandi kveðst eigi hafa átt neinar eignir í bifreiðinni Y 741, nema hlut í áfengi því, sem þar var geymt. Hann var hvorki eigandi né umráðamaður bifreiðarinnar. Þegar þessa er gætt, þykir bóta-krafa eigi verða byggð á málsástæðu, sem varðar leit í bifreiðinni.

Eigi verður talið, að handtaka áfrýjanda hafi verið framkvæmd með óþarflega hættulegum, særandi eða móðgandi hætti, sbr. 2. tölulið 151. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 74/1974. Áfrýjandi var í hópi fólks, sem lögregluaðgerðir beindust heildstætt gegn. Varð engin ónauðsynleg töf á framkvæmd lögregluaðgerða, sem áfrýjandi sætti.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið greint, verður eigi talið, að lagagrundvöllur sé fyrir bótakröfum áfrýjanda í máli þessu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til, en málinu er eigi áfrýjað, að því er varðar málskostnað og gjafsóknarkostnað. Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Málflutningsþóknun til talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Í máli þessu hafa vitnaskýrslur og aðiljaskýrsla verið tekin á segulbönd, en eigi skráð í þingbók. Lögmenn aðilja samþykktu, að þessi aðferð yrði við höfð, og vefengja þeir eigi efni skýrslanna. Eru þær lagðar til grundvallar við úrlausn málsins. Um dómskýrslur, sem teknar eru á segulbönd, vísast til athugasemda í dómi Hæstaréttar 8. nóvember 1974.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningsþóknun til talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. maí sl., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. desember 1972, af Jóni Bergsteinssyni, Njálsgötu 84, Reykjavík, gegn saksóknara ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta og miskabóta að fjárhæð kr. 50.000 með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1972 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þó eigi lægri en samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ og aukatekjulögum, eins og ekki væri um gjafsóknarmál að ræða, en mál þetta er lögbundið gjafsóknarmál samkvæmt 154. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 73/1973.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er gerð krafa um stórfellda lækkun stefnufjárhæðarinnar að mati réttarins og að málskostnaður verði felldur niður.

Sáttir voru árangurslaust reyndar.

Málavextir eru þessir:

Að kveldi föstudagsins 21. júlí 1972 stöðvaði lögreglan bifreiðina Y 741, sem ekið var af Benóný Ægissyni, Borgarholtsbraut 3, Kópavogi, út úr borginni eftir Vesturlandsvegi. Stöðvunin var framkvæmd af lögregluþjónum úr lögreglubifreiðinni R 20012, sem stödd var við Korpu, samkvæmt beiðni frá Þorsteini Jóhannesi Jónssyni, lögregluþjóni nr. 31, sem starfar við ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar, sem sjálfur var staddur í bifreið Þorsteins Steingrímssonar lögregluþjóns, Y 133, við Esso bensinstöð á Vesturlandsvegi. Auk þessa var lögreglubifreiðin R 20010 staðsett við Höfðabakka. Þorsteinn J. Jónsson lögregluþjónn var þarna kominn í þeim beina tilgangi að stöðva bifreiðina Y 741 og athuga, hvort þar væru fíkniefni meðferðis, og verða ástæður hans til þess raktar hér síðar. Stöðvunin fór þannig fram, að um klukkan 2145 var bifreiðinni Y 741, sem er Volkswagen sendiferðabifreið, ekið fram hjá bensinstöðinni og Höfðabakka, og hóf lögreglubifreiðin R 20010 þá eftirför að beiðni Þorsteins, sem einnig hélt af stað á eftir. Talsverð umferð var út úr borginni um þetta leyti, og dró ekki saman með bifreiðunum. Hafði Þorsteinn því talstöðvarsamband við lögreglubifreiðina, sem stödd var við Korpu, og bað um, að Y 741 yrði stöðvuð. Einn lögregluþjónanna gekk út á veginn og gaf merki um stöðvun, en Y 741 var ekið fram hjá, og varð það til þess, að R 20012 var einnig ekið á eftir

Y 741, sem stöðvaði skömmu síðar. Þetta varð til þess, að þegar Benóný Ægisson stöðvaði bifreiðina Y 741 við Korpu vegna stöðvunarmerkja frá R 20012, sem renndi upp að hlið bifreiðarinnar og stöðvaði einnig, kom þar fljótt að hin lögreglubifreiðin, R 20010, og jeppabifreið Þorsteins Steingrímssonar, Y 133, en henni ók Þorsteinn Steingrímsson, og var Þorsteinn Jónsson með honum, og var hasshundurinn Prins einnig með í förum. Má nærri geta, að þetta hafi vakið athygli þeirra, sem leið áttu um veginn, enda er upplýst, að margir urðu til að hægja ferð sína og forvitnast um, hvað á seyði væri. Ökumanni og farþegum bifreiðarinnar Y 741 var skipað að fara út úr bifreiðinni. Tveir farþegar sátu í framsæti við hlið ökumanns, þau Edda Sverrisdóttir, Borgarholtsbraut 3, Kópavogi, og Ágústa Hrönn Axelsdóttir, Sólheimum 23, Reykjavík, en aftur í í bifreiðinni, sem er lokuð sendiferðabifreið, sátu fimm farþegar, þ. e. stefnandi, Þórunn Björnsdóttir, Kleppsvegi 42, Reykjavík, Karl Júlíusson, Vesturgötu 24, Reykjavík, Ólafur Mogensen, Borgarholtsbraut 9, og Leifur Hauksson, Borgarholtsbraut 3, Kópavogi. Fljótlega eftir að fólkið kom út úr bifreiðinni, hófst lögreglan undir stjórn Þorsteins Jónssonar handa um að flytja fólkið á lögreglustöðina við Hverfisgötu, og var því skipað inn í lögreglubílinn. Sumir, þ. á m. stefnandi, hlýddu og settust, þar sem þeim var skipað, en aðrir höfðu uppi andmæli og streittust á móti. Þrjú voru handjárnuð, þ. e. Benóný Ægisson og hjónin Edda Sverrisdóttir og Leifur Hauksson. Flutningurinn fór þannig fram, að Edda Sverrisdóttir, sem mesta mótspyrnu veitti, var sett aftur í í bifreið Benónýs, Y 741, og gætti hennar einn lögregluþjónn, en Þorsteinn J. Jónsson ók. Þórunn Björnsdóttir og Ágústa Hrönn Axelsdóttir voru hafðar aftur í í annarri lögreglubifreiðinni, og gætti þeirra einn lögregluþjónn, en annar ók. Leifur Hauksson, Karl Júlíusson og stefnandi voru keyrðir í hinum lögreglubílnum, og Benóný Ægisson og Ólafur Mogensen voru keyrðir í enn öðrum bíl. Á lögreglustöðinni var framkvæmd leit á fólkinu, og að henni lokinni var fólkið geymt aðskilið í fangaklefum, meðan leit fór fram í bifreiðinni Y 741, nema Þórunn Björnsdóttir, sem geymd var í herbergi inn af afgreiðslu í kvennadeild lögreglustöðvarinnar. Engin fíkniefni fundust, hvorki á fólkinu né í bifreiðinni, en svokölluð hasspípa fannst á Karli Júlíussyni, og var hún tekin í vörslu lögreglunnar. Um miðnættið var öllum hleypt út og þeim tilkynnt, að þau mættu fara. Engar yfirheyrslur fóru fram, og engar skýrslur voru teknar af fólkinu utan það, að skráð voru nöfn þeirra og heimilisföng.

Að þessu loknu fór hópurinn út í bifreið Benónýs og hélt á ný af stað í upphaflega ferð, en það var í sumarbústað á Kjalarnesi, þar sem ætlunin var að eyða helginni. Vínbirgðir voru meðferðis, 5—6 flöskur af léttu víni, en þær voru af hálfu lögreglunnar látnar óáreittar. Öll ungmennin, sem þarna höfðu verið handtekin, komu saman mánudaginn 27. júlí og rituðu bréf með lýsingu á atburðinum og fóru fram á aðstoð lögfróðs manns til að leita réttar síns, þar sem þau töldu sig hafa verið beitt freklegu ranglæti og að þau hafi sætt ómannlegri meðferð. Lögmaður þeirra skrifaði bréf til yfirsakadómarans í Reykjavík, dags. 3. ágúst 1972, og gerði kröfu til, að fram færi „opinber rannsókn á aðdraganda, framkvæmd og ástæðum þessarar handtöku“. Rannsókn fór fram í sakadómi Reykjavíkur 25. október s. á., og komu þá til yfirheyrslu Þorsteinn J. Jónsson lögreglumaður, sem stjórnaði aðgerðunum, og auk hans lögreglumennirnir Kristbjörn Guðlaugsson, Magnús Pálsson, Sævar Gunnarsson, Þórður Kristjánsson, Þorsteinn Svanur Steingrímsson, Jón Þór Þorbergsson. Tveir lögreglumenn, sem tekið höfðu þátt í aðgerðunum, voru forfallaðir, þeir Bjarni H. Bjarnason og Jóhann Löve, og voru þeir ekki yfirheyrðir. Málið var sent saksóknara ríkisins til ákvörðunar, og með bréfi, dags. 11. desember s. á., var því lýst, að af ákærvaldsins hálfu væri eigi efni til frekari aðgerða í máli þessu, þar sem „af ákærvaldsins hálfu er litið svo á, að greindum lögreglumönnum hafi verið rétt, eins og á stóð, að grípa til þeirrar rannsóknaraðgerða, sem um ræðir í málinu“. Áður hafði lögmaður ungmennanna skrifað kröfubréf til fjármálaráðuneytisins, dags. 1. nóvember s. á., og gert bótakröfu vegna ólögmatrar handtöku, leitar á persónu og leitar í bifreið án heimildar, að fjárhæð kr. 50.000, ásamt vöxtum, fyrir hvert hinna átta ungmenna. Kröfunum var synjað af fjármálaráðuneytinu, að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið, með bréfi til lögmannsins, dags. 28. nóvember s. á. Lögmaðurinn höfðaði þá mál hér fyrir bæjarþinginu f. h. hvers hinna greindu ungmenna, og voru öll málin samhljóða að kröfugerð og voru þingfest hér 7. desember s. á. Stefndi tók til varna í þeim öllum og gerði samhljóða kröfur, nema í máli Þórunnar Björnsdóttur, þar sem krafist var frávísunar á þeim forsendum, að hún hefði ekki aldurs vegna forræði á sakarefni. Eðli síns vegna var mál hennar fyrst tekið fyrir af undirrituðum dómara, og með dómi, uppkveðnum hér í bæjarþinginu 22. júní 1973, var málinu vísað frá dómi. Síðan voru teknar skýrslur af stefnendum hinna málanna og vitnum, og

hafa skýrslurnar verið lagðar fram í þessu máli, þar sem ákveðið var að taka það fyrst til flutnings, en láta hin bíða á meðan.

Þorsteinn J. Jónsson lögreglumaður gaf skýrslu um atburð þennan til lögreglustjóra, og er skýrsla hans ódagsett, en merkt „kæruskrá nr. 12851/1972“. Í skýrslunni kveðst hann hafa farið ásamt Þorsteini Steingrímssyni lögreglumanni í bifreið Þorsteins, Y 133, áleiðis á Vesturlandsveg, þar sem vitneskja hafði borist um það, að á þessum tíma mundu leggja af stað frá Reykjavík í bifreiðinni Y 741 nafngreindir aðiljar, svo sem Benóný Ægisson og Karl Kristinn Júlíusson, auk einhverra fleiri, sem ekki var þá vitað, hverjir væru. Vegna máls, sem ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar hafði unnið að undanfarna daga, hafi för þessi þótt mjög grunsamleg, en öruggar heimildir hafi hermt, að ferðinni væri heitið í sumarbústað á Kjalarnesi, og þar sem nöfn alþekktra fíkniefnaneytenda og dreifenda hafi verið nefnd, auk áðurnefndrar rannsóknar fíkniefnamáls, hafi honum þótt ástæða til að athuga, hverjir væru í bifreiðinni og hvort þau mundu vera með fíkniefni meðferðis. Eftir að bifreiðin hafði verið stöðvuð, hafi komið í ljós, að auk Benónýs ökumanns hafi þarna verið 7 manns, sem hafi haft mikinn farangur meðferðis, og flest fólk, sem hafi komið við sögu vegna fíkniefnamisferla. Því hafi þótt rétt að kanna, hvort það hefði meðferðis fíkniefni, en mikil umferð bifreiða hafi verið um veginn og hafi því ekki þótt rétt að vekja meiri athygli en orðið var, þar sem forvitnir vegfarendur hafi þegar stöðvað bifreiðar sínar, svo að til vandræða hafi horft. Fólkinu hafi verið kynnt ástæðan fyrir aðgerðum lögreglunnar og tilkynnt, að það yrði flutt á lögreglustöðina við Hverfisgötu til frekari athugunar, enda muni það sjálft hafa grunað, hver ástæða hafi verið til slíkra aðgerða. Fólk og bifreið hafi því verið flutt á lögreglustöðina. Þar hafi fólkið verið aðskilið og gerð á því skyndileit og þá hafi fundist í vasa Karls Júlíussonar pípa, slík sem notuð sé við reykingar á hassi. Þetta hafi enn styrkt grun þeirra um, að ef til vill væri fólkið með fíkniefni með sér, en frekari leit, einnig í bifreiðinni, hafi ekki borið árangur og að leit lokinni hafi fólkinu verið leyft að fara. Í lok skýrslu sinnar tók Þorsteinn fram, að sumt af fólkinu hafi ekki viljað fara, hlíta boðum lögreglunnar, þegar bifreiðin var stöðvuð, og hafi orðið að beita það valdi og flytja það þannig á lögreglustöðina.

Við yfirheyrslurnar í sakadómi 25. október 1972 bar Þorsteinn J. Jónsson, að fáum dögum fyrir greindan atburð hafi fíkniefna-

deildinni borist vitneskja um, að ákveðnir aðilar ættu von á bréfasendingum með fíkniefnum. Deildin hafi þegar haft í höndum nokkur slík bréf og hafi eitt þeirra verið stílað á Karl Júlíusson. Þetta bréf hafi verið opnað og í því hafi verið hass. Deildinni hafi ekki þótt ólíklegt, að Karl hafi fengið meira af hassi, og nokkrum dögum áður hafi Karl fengið keyptar meskalíntöflur. Nafn Benónýs Ægissonar hafi komið fram í yfirheyrslum í fíkniefnadeildinni sem eins þeirra mörgu aðilja, sem taldir hafi verið viðriðnir meðferð fíkniefna. Lögreglunni hafi borist vitneskja um, að Benóný Ægisson og Karl Júlíusson ætluðu að fara úr borginni klukkan 2000 greindan dag og væri förrinni heitið í sumarbústað skammt frá Reykjavík. Upplýsingar þessar hafi lögreglan fengið sem trúnaðarmál og hafi Þorsteinn því ekki viljað gefa upplýsingar um heimildarmanninn. Fylgt hafi með, að fíkniefni mundu vera með í ferðinni. Þorsteinn kvaðst hafa verið æðstur þeirra aðilja, er til hafi náðst hjá lögreglunni, þegar upplýsingarnar hafi borist, og hafi því tekið ákvörðun um að sitja fyrir bifreiðinni, þar sem hann hafi ekki náð til yfirmanna lögreglunnar til að ráðgast við þá. Hann hafi þó náð sambandi við Hallvarð Einvarðsson, aðalfulltrúa saksóknara, og hafi skýrt honum frá málavöxtum og hafi Hallvarður ekki latt hann fararinnar. Eftir stöðvunina hafi fólkið verið flutt á nýju lögreglustöðina í lögreglubifreiðum, nema Edda Sverrisdóttir, sem flutt hafi verið í bifreið fólksins, sem hann hafi ekið, og hafi hún verið handjárnuð vegna mótþróa og m. a. hafi hún bitið hann í finger, svo að hann hafi hlotið sex opin sár eftir hana. Tveir til þrír aðrir hafi einnig veitt mótþróa og hafi þeir og verið handjarnaðir. Þorsteinn hafi lagt ríka áherslu á það við starfsfélaga sína að gæta vel að höndum hinna handteknu, svo að þeir kæmu engu frá sér. Á lögreglustöðinni hafi enginn mótmælt leit eða veitt mótþróa við leitina. Hann hafi sjálfur verið við leitina á karl-mönnunum, en kvenfangavörður hafi leitað á stúlkunum. Þá hafi verið leitað í bifreiðinni og hafi hasshundurinn verið við þá leit. Viðbrögð hundsins hafi verið slík, að full ástæða hafi verið til að ætla, að hass væri í bifreiðinni, en ekkert slíkt hafi fundist. Á meðan hafi öll, nema ein stúlkan, verið geymd í fangaklefa, svo að þau hefðu ekkert samband hvert við annað. Ekki hafi verið farið fram á að fá heimild dómara til leitar, enda hafi engin mótmæli við leit verið höfð uppi. Flest af þessu fólki hafi oft sinnið verið til yfirheyrslu hjá lögreglunni vegna gruns um misferli í sambandi við fíkniefni og þrír aðiljanna hafi, áður en þetta skeði,

játað á sig stórfellt misferli í sambandi við meðferð fíkniefna.

Kristbjörn Guðlaugsson, lögregluþjónnr. 90, bar fyrir sakadómi, að hann myndi ekki, hvort hann hafi heyrt sagt við fólkið, hvers vegna það væri handtekið. Hann bar, að hann hafi verið staddur á lögreglustöðinni, þegar leitað var á fólkinu, en hafi ekki verið við það sjálfur. Hann hafi ekki heyrt, að fólkið bæri fram mótmæli við leit, nema ef til vill stúlkan, sem mótpróann hafi veitt. Hann hafi ekki getað heyrt annað á fólkinu en að því væri kunn ástæðan til handtökunnar.

Magnús Pálsson, lögreglumaður nr. 147, bar fyrir sakadómi, að hann ásamt Sævari Gunnarssyni lögreglumanni hafi verið staddur skammt frá Korpu í öðrum erindagerðum en þeim að handtaka ungmennin. Þá hafi komið kall til þeirra um að stöðva bifreið ungmennanna. Hann hafi þá gengið út á veginn og gefið bifreiðinni bendingu um að stöðva, en hún hafi ekki sinnt því og ekki stöðvað fyrr en nokkru síðar eftir stutta eftirför. Á staðnum hafi hann heyrt miklar orðahnippingar milli fólksins og Þorsteins Jónssonar og Þorsteins Steingrímssonar lögreglumanna, sem hafi haft orð fyrir lögreglumönnunum. Ekki hafi hann heyrt við handtökuna, að fólkinu væri sagt berum orðum frá ástæðunum fyrir handtökunni, en niðri á lögreglustöð síðar hafi hann heyrt, að fólkinu hafi verið sagt frá þeim. Hann kveðst hafa verið við að handjárna einn piltinn, en hann hafi sýnt mótpróa og ekki viljað koma með lögreglumönnunum. Pilturinn hafi látið af mótpróanum, þegar hann hafði verið handjárnaður. Hann kveðst ekki hafa verið við að leita á fólkinu og viti hann því ekki, hvort þau hafi mótmælt slíku.

Sævar Gunnarsson, lögreglumaður nr. 95, bar fyrir sakadómi, að hann hafi ekki heyrt öll orðaskipti lögreglumanna við fólkið og geti því ekki um það borið, hvort fólkinu hafi við handtökuna verið sagt frá ástæðunni til hennar. Hann kveðst hafa heyrt fólkið tala um, að það væri alveg hissa á þessum aðgerðum, en í fanga-geymslunni hafi hann heyrt einhvern lögreglumann segja við einhvern úr hópnum, að hann hlyti að vita, hvers vegna handtakan hefði farið fram. Hann hafi ekki verið við leit á fólkinu.

Þórður Kristjánsson, lögregluþjónnr. 112, bar fyrir sakadómi, að hann myndi ekki sérstaklega eftir orðaskiptum við fólkið við handtökuna og geti því ekki um það sagt, hvort því hafi sérstaklega verið sagt frá ástæðunni. Hann hafi verið við að handtaka tvo pilta, sem hafi beitt mótpróa og neitað að koma. Hafi þeir verið handjárnaðir. Á leiðinni til borgarinnar hafi hann setið

hjá stúlku, sem hafi verið handjárnuð, og hafi það verið í bifreið fólksins, sem ekið hafi verið af Þorsteini Jónssyni. Hafi stúlkan mælt fúkyrði í garð lögreglunnar alla leiðina til lögreglustöðvarinnar við Snorrabraut. Hann hafi ekki verið við leit á fólkinu.

Þorsteinn Steingrímsson, lögreglumaður nr. 55, bar fyrir saka-dómi, að hann hafi komið að Þorsteini Jónssyni, þar sem hann hafi verið í átökum við Eddu Sverrisdóttur, sem hafi verið alveg tryllt. Þá hafi komið að Leifur maður hennar og spurt að því, hvers vegna væri verið að handtaka þau og hvar handtökuheimildin væri. Hann hafi svarað því, að ekki ætti að handtaka þau, aðeins ætti að fá að leita hjá þeim í bifreiðinni og á þeim sjálfum að fíkniefnum. Leifur hafi þá orðið æfur og neitað allri samvinnu, neitað leit og öðru, sem farið hafi verið fram á við hann. Hafi þá ekki verið um annað að gera en að handtaka fólkið og flytja það á brott. Þegar komið hafi verið á lögreglustöðina við Snorrabraut, hafi verið leitað á fólkinu og í bifreiðinni. Edda og einhver einn piltanna hafi neitað leit, en aðrir hafi ekki haft í frammi mótmæli.

Jón Þór Þorbergsson, lögreglumaður nr. 123, bar fyrir saka-dómi, að hann hafi við handtökuna verið að færa einn úr hópnum í lögreglubifreið. Sá hafi spurt, hvers vegna hann væri handtekinn, og hafi hann svarað honum, að það væri vegna gruns um, að hópurinn hefði fíkniefni undir höndum. Ekki hafi hann veitt athygli orðaskiptum, sem hafi átt sér stað milli annarra við handtökuna. Hann minnst þess ekki að hafa heyrt einhvern úr hópnum mótmæla leit, hvorki við handtökuna né síðar. Hins vegar hafi einhverjir úr hópnum veitt mótpróa við handtökuna og hafi einhverjir verið settir í járn.

Þórunn Björnsdóttir hefur hér fyrir dóminum borið, að þegar þau hafi komið út úr bílnum, hafi þeim verið skipað út á vegarkantinn og þau hafi byrjað á því að spyrja, hvað væri að ske, út af hverju þau ættu að yfirgefa bifreiðina, en þá hafi þeim verið vísað, henni og annarri stelpu, Ágústu, í stóran lögreglubíl, sem þarna hafi verið, og þær hafi gegnt því strax. Benóný og Leifur hafi neitað að stíga upp í lögreglubifreiðina, nema að fá forsendur fyrir því, af hverju þeir væru handjárnaðir. Mikil umferð hafi verið þarna út úr bænum, svo að þarna hafi orðið svolítið „kaos“. Þar til hún hafi farið inn í bílinn, hafi hún staðið við hliðina á Þorsteini Jónssyni, og hún hafi aldrei heyrt hann segja, að verið væri að leita að fíkniefnum. Sjálf hafi hún spurt þá tvo lögregluþjóna, sem ekið hafi henni niður á stöð, út af hverju

þetta væri, og þeir hafi þá sagt, að hún ætti að vita þetta mætavel sjálf. Það hafi verið eina svarið, sem hún hafi fengið. Þegar þeim hafi verið sleppt frá lögreglustöðinni, hafi þau aftur spurt, út af hverju þetta hefði skeð og að þessi töf hefði verið gerð á þeirra ferðalagi, en þau hafi ekkert svar fengið.

Leifur Hauksson hefur borið hér fyrir dóminum, að bifreiðin hafi verið stöðvuð þannig, að ekið hafi verið upp að henni og síðan hafi komið lögregluþjónn, Þorsteinn Jónsson, að hann minni, og skipað öllum út. Þau hafi öll strax farið út úr bifreiðinni og beðið strax um ástæðu fyrir þessu, en þau hafi ekkert svar fengið við því. Þarna hafi orðið dálítið „kaos“ á staðnum og síðan hafi Þorsteinn sagt „það er best, að þið komið með mér niður á stöð“. Hann hafi þekkt Þorstein í útliti. Þegar Þorsteinn hafi verið spurður um ástæðuna beint, þá hafi hann sagt, „þið fáið að vita það, þegar þið komið niður eftir“, en þau hafi þó aldrei fengið að vita ástæðuna. Þegar þau hafi staldrað aðeins við og sagt, að þau vildu fá þeirra ástæðu fyrir þessari handtöku, þá hafi ekkert verið meira með það, að það hafi verið skipað að setja þau í járn þarna nokkur þeirra, t. d. hann. Hann hafi verið í miðri setningu að ítreka það, að hann vildi fá ástæður fyrir þessu, og þá hafi bara verið gefið merki og þeir hafi tekið hann tveir upp á milli sín. Á lögreglustöðinni hafi verið leitað á þeim og eftir leitina hafi þau verið lokuð inni í klefa og ekkert fengið að vita, ekki nokkurn skapaðan hlut, fyrr en um það bil tveimur klukkutímum síðar, að þá hafi þeim verið hleypt út. Engar nánari skýringar hafi þá verið gefnar á þessu. Leitin hafi farið þannig fram, að hann hafi verið tekinn og færður inn fyrir úr biðsalnum og inn fyrir, þar sem fangelsið sé, og hafi ekki verið harkalegar aðfarir við hann, vegna þess að hann hafi lyft höndum og boðið þeim að leita á sér án orða, en hann hafi ekki verið spurður fyrir fram, hvort þeir mættu leita á honum. Leitin hafi ekki verið nákvæm, það hafi verið leitað á honum eins og hann stóð.

Benóný Ægisson hefur hér fyrir dóminum borið, að hann hafi séð það, þegar hann var að aka upp í Mosfellssveit, að það var lögreglubifreið fyrir aftan hann. Hún hafi ekki gefið stöðvunarmerki, en síðar hafi þeir sett upp ljós, en hann hafi ekki búist við, að þeir væru að elta hann, þannig að hann hafi ekið áfram á umferðarhraða. Þeir hafi verið nokkuð langt fyrir aftan hann. Þegar komið hafi verið að Korpu, hafi hann séð aðra lögreglubifreið og þeir hafi veifað út höndum og þá hafi hann hægt ferðina og stoppað dálítið fyrir framan þá. Ökumhraði hans hafi verið

70 til 80 eða ef til vill 90 km á klst. Út úr jeppabífreið hafi Þorsteinn Jónsson stigið og sagt „takið þið þau og leitið á þeim og járníð þau, það er sjálfsagt þörf á því“. Þau hafi strax beðið um forsendur fyrir þessum aðgerðum, en eina svarið, sem hafi fengið, hafi verið, að þau vissu sjálfsagt vel, hvað væri að gerast. Sjálfur hafi hann þekkt vel Þorsteinana báða og hundinn, þannig að ekki hafi þurft vel greindan mann til þess að leggja saman tvo og tvo. Hann hafi spurt, hvort þeir hefðu heimild fyrir þessum aðgerðum, hvort þeir hefðu handtökuheimild eða heimild fyrir því, sem þeir voru að sækjast eftir, og hafi hann ekkert svar fengið við því, en honum hafi verið sagt að afhenda bíllyklana, en því hafi hann neitað. Þá hafi hann verið tekinn og hendurnar á honum snúnar fyrir aftan bak og lyklarnir kreistir úr höndum hans og síðan hafi hann verið járnaður og settur inn í lögreglubílinn. Hann kvaðst ekki hafa veitt mótspyrnu við leitinni og eftir hana hafi hann verið í fangaklefa einn til tvo tíma. Honum hafi fundist skrítið, að engar skýrslur væru teknar af þeim, hann hafi spurt út í þetta, en honum hafi verið sagt, að þau skyldu bara fara. Hann hafi ekki verið beðinn um að gefa leyfi til leitar í bílnum.

Edda Sverrisdóttir hefur borið hér fyrir dóminum, að hún hafi setið í framsæti í bifreið Benónýs og hún hafi séð lögreglubíl við Korpu og fyrir utan hann hafi lögregluþjónn staðið og veifað. Þá hafi hún litið aftur fyrir og þá hafi hún séð lögreglubíl og að hann hafi verið með rautt ljós. Þau hafi keyrt fram hjá þeim lögreglubíl, sem var staðnæmdur, en stoppað eftir svona 50 m. Þá hafi allt í einu allt orðið krökkt af lögregluþjónum. Mikil umferð hafi verið og stöðugur straumur út úr bænum. Hún hafi þekkt Þorstein, þar sem hún hafi verið nýbúin að sitja inni fyrir fíkniefnamisferli, og hann hafði yfirheyrt hana. Þarna hafi verið ringulreið. Þau hafi viljað fá að vita ástæðuna fyrir því, að hann væri að taka þau út úr bílnum og stöðva þau, og þau vildu fá að sjá pappíra upp á það, en hann hafi sagt, að þau ættu að koma með honum niður á stöð og þar fengju þau að sjá pappíra og slíkt. Þá hafi þau neitað að fara með honum. Hann hafi alltaf sagt „þið vitið vel, hvers vegna við erum að taka ykkur“. Hún hafi haft grun um það, vegna þess að Þorsteinn Jónsson vinnur fyrir fíkniefnadeildina, en hann hafi aldrei sagt neitt beint út. Hún hafi verið sett í handjárn, vegna þess að hún hafi neitað að fara með þeim. Hún hefði ekki farið, nema hann hefði sýnt henni pappíra upp á það, að hann hefði leyfi til að taka þau þarna.

Þetta hafi hún sagt við Þorstein, þegar þau hafi lent í smáprefi saman. Þá hafi hann tekið í höndina á henni, en hún hafi varist og svo hafi hún ekki vitað fyrr en það voru komnir tveir aðrir, og þá hafi verið snúið heiftarlega upp á handleggi hennar aftur fyrir bak og hún hafi verið sett í handjárn. Henni hafi verið hent inn í bílinn og lögreglumaður hafi hálflegið ofan á henni allan tím-ann, sem keyrt var í bæinn. Þegar hún hafi verið handjárnuð, hafi hún veitt mikinn mótþróa, að lokum hafi hún notað munninn, það hafi verið það eina, sem hún hafi getað gert, vegna þess að hún var bundin. Hún hafi bitið Þorstein Jónsson í fingurinn með mikilli ánægju. Oft hafi hún beðið Þorstein Jónsson um skýringu, en hann hafi bara þvælt tóma vitleysu og enga skýringu gefið. Á lögreglustöðinni hafi ekki verið leitað á henni og ekki hafi verið farið fram á það. Mánudaginn á eftir hafi hún farið á lögreglustöðina og reynt að ræða við Þorstein Jónsson, en það hafi verið útilokað, hann hafi ekki svarað neinum spurningum. Aðspurð sagði Edda einnig, að hún hafi orðið mjög æst við þennan atburð, þegar hún var handtekin, þá hafi hún gert allt, sem hún gat, til að losna, „argað, gargað, bitið, sparkað og klórað“.

Ágústa Hrönn Axelsdóttir hefur borið hér fyrir dóminum, að hún hafi setið frammi í bifreiðinni við hliðina á Eddu og að þau hafi heyrt í sírenu á lögreglubíl, þegar þau stoppuðu ekki strax við merki lögreglunnar. Lögreglubifreiðin hafi komið fram fyrir þau og stöðvað þau. Þau hafi beðið um skýringu, en lögregluþjónarnir hafi sagt, að þau ættu að vita, hvað það væri. Þó nokkuð hafi verið um, að bifreiðar, sem leið áttu um, hafi hægt á sér til þess að skoða, hvað um væri að vera. Á leiðinni niður á lögreglustöð hafi hún spurt lögregluþjón, út af hverju þetta væri. Hann hafi sagst ekkert vita. Hún kvaðst aldrei hafa heyrt neinn segja upp yfir hópinn, að það væri verið að leita að fíkniefnum. Á lögreglustöðinni hafi kona leitað á henni og hún hafi ekki mótmælt leitinni. Aðspurð kvaðst Ágústa hafa fengið grun um, að hverju væri verið að leita, þegar konan hafi spurt, hvort Edda væri undir áhrifum einhvers. Aðspurð kvaðst Ágústa hafa verið kölluð fyrir út af fíkniefnamáli, en hún hafi ekki hitt Þorstein út af slíku.

Ólafur Mogensen hefur hér fyrir dóminum borið, að hann hafi heyrt sírenuhljóð, áður en bifreiðin var stöðvuð, og þegar út var komið, hafi hann séð lögreglubíl þvert fyrir framan bifreið þeirra. Þorsteinn Jónsson hafi sagt, að það ætti að leita á þeim, en hann

hafi ekki sagt, að hverju ætti að leita. Hann hafi spurt lögregluna, hver væri ástæðan fyrir þessum aðgerðum. Lögreglan hafi svarað, að þau vissu það. Á lögreglustöðinni hafi hann mótmælt leit, en þá hafi þeir tekið hann með valdi og leitað á honum. Hann hafi verið í um það bil klukkutíma í fangaklefa eftir leitina og síðan hafi þeim verið sagt, að þau mættu fara. Hann hafi séð Þorstein Jónsson, þegar þau fóru. Aðspurður kvaðst Ólafur hafa hlotið dóm fyrir fíkniefnamál, og áður en þessi atburður gerðist hafi hann verið kallaður fyrir rétt út af því máli.

Karl Júlíusson hefur borið hér fyrir dóminum, að hann hafi heyrt sírenuvæl lögreglubifreiðarinnar, áður en bifreið þeirra stöðvaðist. Ekkert hafi verið sagt af hálfu lögreglunnar, hvers vegna þau væru stöðvuð. Á lögreglustöðinni hafi verið leitað á honum og hafi hann leyft það. Hann hafi verið með hasspípu í vasanum og hún hafi fundist. Hann hafi þekkt Þorstein Jónsson, og aðspurður kvaðst hann hafa verið í yfirheyrslum út af fíkniefnamisferli, áður en þetta gerðist. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa haft meðferðis hass til að reykja úr pípu sinni og að honum hafi ekki verið kunnugt um, að einhver annar í bifreið Benónýs hafi haft hass eða önnur fíkniefni meðferðis. Aðspurður hvort hann hafi reykt hass úr pípunni á Íslandi, þ. e. eftir að hann kom frá Kaupmannahöfn, eins og hann hafði lýst, þá svaraði hann: „Ég þori ekki að fara með það, en mér þykir það nú líklegt“. Aðspurður sagði Karl, að hann hafi þekkt Þorstein og þess vegna hafi hann náttúrlega grunað, hvers vegna lögreglan hafði stoppað þau og að hverju hún væri að leita.

Þorsteinn Jóhannes Jónsson, lögreglumaður nr. 31, hefur tvívegis komið hér fyrir dóminn, þ. e. 14. september sl. og 24. maí sl. Hann fullyrti, að hann hefði sagt upp yfir hópinn, að stöðvun bifreiðarinnar hafi verið vegna leitar að fíkniefnum. Ekki viti hann, hvort allir hafi heyrt það, en hann hafi einnig sagt það persónulega við Eddu Sverrisdóttur, en hann hafi aðallega átt í höggi við hana, þegar stöðvunin fór fram. Þetta hafi allt gerst mjög snögglega. Edda hafi orðið mjög vond og ráðist á hann og bitið og þeir hafi ekki séð sér annað fært en að færa hana í handjárn, vegna þess hvernig hún hagaði sér. Menn hafi farið að fljúgast á, en hann hafi verið búinn að leggja ríka áherslu á það við þá lögreglumenn, sem með honum hafi verið, að passa hendur fólksins, því að það sé það, sem þeir verði að gera í slíkum málum, þ. e. að fólkið komi ekki frá sér þeim efnum, sem þeir séu að leita að. Því hafi orðið að taka suma með valdi, sem ekki vildu

þýðast lögregluna, þegar hún bað þá að koma með sér. Þegar áflog verði, verði lögreglumennirnir að gæta þess, að fólkið hvorki meiði lögreglumennina né þeir fólkið, og eina leiðin til þess að fljúgast ekki á sé að setja fólkið í járn, svo að það sé viðráðanlegt. Þeir lögreglumennirnir hafi ekki vitað þá, að slíkur fjöldi fólks væri í bílnum. Þeir hafi aðeins vitað um tvo menn, þannig að þetta hafi orðið miklu viðameira en þeir höfðu búist við og því hafi þeir orðið að gera svona mikið. Það ástand hafi skapast vegna fjölda fólksins, að þeir hafi ekki treyst sér til að fara í leit bæði á fólkinu og í bílnum, sem þeir ætluðu að gera, þannig að hann hafi orðið að taka þá ákvörðun að færa allt saman niður á lögreglustöð strax. Það hafi einnig verið vegna hinnar miklu bílaumferðar og að fólk var farið að stöðva bifreiðar og hægja ferðina og sjá, hvað var að gerast, að þeir lögreglumennirnir sáu, að þeir mundu lenda þarna í vandræðum og jafnvel skapa vandræðaástand á veginum. Þegar á lögreglustöðina var komið, hafi hverjum verið gert skiljanlegt, að þeir væru að leita að fíkniefnum og að þeir yrðu að fá leyfi til leitar, sem hafi verið veitt, enginn hafi mótmælt því. Edda hafi farið fram á að sjá heimildir til handtöku, pappíra og slíkt, en henni hafi verið tjáð, að það væri ekki fyrir hendi, þeir væru ekki með neinn úrskurð um það að handtaka hana eða þetta fólk eða framkvæma leit. Lögreglumennirnir hafi haft upplýsingar um, að Benóný og Karl mundu vera í bifreiðinni, en þegar til kom, hafi þeir þekkt fólkið allt og það hafi komið meira og minna við sögu fíkniefnamisferla og þá hafi þá strax grunað, að þarna mundi vera um að ræða fleiri, sem gætu hugsanlega verið með efni. Þorsteinn bar, að hann hefði þekkt þarna alla nema Ágústu Hrönn Axelsdóttur, allt þetta fólk hafði verið við yfirheyrslur, komið við sögu hjá lögreglunni í sambandi við fíkniefnamál. Fíkniefni þau, sem Þorsteinn bjóst við að finna, hafi verið cannabisefni, þ. e. marijuhana og hass, svo og meskalíntöflur. Hann hafi vitað, að meskalíntöflurnar höfðu nýverið verið í umferð, og hafi hann grunað sterklega einn þessara aðilja um að vera með slíkar töflur. Fundur hasspípunnar á Karli Júlíussyni hafi styrkt mjög grun þeirra, að slík efni væru meðferðis. Þorsteinn bar og, að bifreið Benónýs hafi verið ekið með miklum hraða á móts við Dragháls, ekki minna en 100 km á klukkustund. Slíkur hraði hlaut að vekja grun og hefði einn getað leitt til þess að stöðva þurfti bifreiðina. Aðspurður um leitina bar Þorsteinn, að ekki hafi verið farið fram á leyfi til leitar á fólkinu, vegna þess að fólkið hafi leyft leit,

þegar þess hafi verið óskað. Aðspurður um tímann, sem þetta tók, bar Þorsteinn, að að hans mati hafi liðið einn og hálfur til tveir tímar, frá því að fólkið var stöðvað og þangað til það fór burt frá lögreglustöðinni. Einu spurningarnar, sem fram hafi komið hjá fólkinu, þegar það fór, hafi verið, hvort eitthvað hefði fundist. Hann hafi verið þarna nálægt, en hann hafi ekki kvatt hvern einstakan.

Anna Ingvarsdóttir kvenfangavörður bar hér fyrir dóminum, að Þorsteinn Jónsson hafi komið með þrjár stúlkur umrætt kvöld inn á kvennadeild lögreglustöðvarinnar, þar sem hún var þá ein á vakt. Hún hafi kannast við eina stúlkunnar, Eddu Sverrisdóttur, en hinar hafði hún aldrei séð. Edda hafði verið þarna í gæslu hjá þeim nokkuð lengi. Hún bar, að hún minntist þess að hafa ekki leitað á Eddu, þar sem hún hafi verið mjög æst. Hinum tveimur hafi hún leitað á, enda hafi þær verið mjög stilltar og leyft leit. Hún hafi ekki spurt þær, hvort hún mætti leita, þar sem hún sé ekki vön því, heldur telji hún, að búið sé að spyrja um slíkt, áður en komið sé með stúlkur upp til þeirra. Vakt hennar hafi lokið á miðnætti og þá hafi hún farið, en í því hafi Þorsteinn verið að koma upp til þess að sækja stúlkurnar og sleppa þeim lausum.

Þorsteinn J. Jónsson bar hér fyrir réttinum 24. maí sl., að 18. júlí 1972, þ. e. þrem dögum áður en atburður þessi gerðist, hafi honum borist vitneskja frá tryggjum heimildarmanni, að sala á meskalíntöflum hefði nýverið farið fram af hálfu Jóhanns Páls Valdimarssonar og Karls Júlíussonar. Þeir lögreglumennirnir hafi farið á staðinn og reynt að ná til aðilja, en misst af þeim og þá hafi þeir farið fram á það með aðstoð Ásgeirs Friðjónssonar, aðalfulltrúa lögreglustjóra, að fá húsleitarúrskurð hjá saka-dómara til að leita á heimilum Ásgeirs Heiðars Ásgeirssonar, Háaleitisbraut 43, Jóhanns Páls Valdimarssonar, Grenimel 21, Karls Júlíussonar að Vesturgötu 24 og Arnar Ingólfssonar að Öldugötu 54 og verkstæði Karls og Arnar að Vesturgötu 24. Grunur hafi fallið við þetta tækifæri á Benóný Ægisson, þar sem hann hafi rekið leðurverkstæði að Vesturgötu 24 ásamt þeim Karli Júlíussyni og Erni Ingólfssyni. Úrskurðurinn hafi þó ekki verið notaður, þar sem ætlun lögreglumannanna var að reyna að ná til aðilja þessara með efnin á sér, en þeir hafi ekki talið tækifæri til þess, þegar til kom. Aðili sá, sem hafi gefið þeim þessar upplýsingar, hafi verið í stöðugu sambandi við Þorstein á þessum tíma og hann hafi tilkynnt honum, að Karl Júlíus-

son hafi farið úr bænum til þess að athuga húsakynni uppi í sveit og síðan hafi þessi sami aðili hringt í Þorstein að kvöldi hins 21. og tilkynnt um för Karls og Benónýs í bifreið Benónýs. Tveim vikum áður, þ. e. 7. júlí 1972, hafi stefnandi máls þessa ásamt Karli Júlíussyni og Erni Ingólfssyni verið boðaðir til yfirheyrslu vegna bréfa, sem tollgæslan hafði tekið í sínar hendur vegna gruns um, að þau innihéldu hass, sbr. dskj. nr. 12 í máli þessu. Stefnandi hafi komið til yfirheyrslunnar, en hann hafi neitað allri vitneskju um bréf merkt honum og að hafa átt nokkra von á slíku. Hafi stefnandi vísað þessu algerlega frá sér og farið að svo búnu. Nánar aðspurður um leitina á lögreglustöðinni bar Þorsteinn, að ekki sé venja að spyrja, hvort leita megí á þeim, sem þurfi að setja í klefa til geymslu. Í þessu tilfelli hafi þurft að setja hvern og einn í klefa, meðan leitað hafi verið í bílnum, til þess að einangra hvert frá öðru, ef fíkniefni kæmu í leitirnar, eins og svo sterkur grunur lék á. Grunurinn hafi enn styrkst frekar, þegar léttu vínið fannst við leitina í bílnum, þar sem honum sé kunnugt um af störfum sínum, að algengt sé að neyta cannabisefna með léttum vínunum.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að handtaka sú, sem lögreglan hafi framkvæmt á honum, svo og frelsissvipting og leit á honum og í farangri hans í bifreið hafi verið ólögmæt. Krafa hans byggist beinlínis á 151. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 73/1973, um meðferð opinberra mála, sem fjalli um bætur fyrir handtöku, leit á manni og frelsisskerðingu, enda hafi 1) lögmælt skilyrði algerlega brostið til aðgerða þessara og 2) ekki hafi verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til nefndra aðgerða og þær hafi auk þess verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi og móðgandi hátt. Hópurinn hafi verið stöðvaður án nokkurra skýringa af hálfu lögreglunnar. Þau hafi beðið um skýringu, en enga fengið. Þeim hafi aðeins verið sagt, að þau ættu að vita það. Augljóst sé, að aðgerðir lögreglunnar hafi sjálfar skapað þá ringulreið, sem hafi orðið eftir stöðvunina. Stöðvunin sjálf hafi farið fram á mjög áberandi hátt og hafi dregið athygli manna að þessu mjög fljótlega. Hann og hópurinn hafi verið tekinn á lögreglustöðina og leitað á þeim án heimildar og hann og aðrir geymdir í fangaklefum í eina til tvær klukkustundir og síðan sleppt, alveg án þess að nokkrar skýringar væru gefnar og nokkur skýrsla tekin. Allt þetta hafi verið vegna einhverra sögusagna um einhvers konar fíknilyfjamisferli. Slíkt sé

alls ekki nægjanleg ástæða til aðgerða sem þessara og hafi því handtökuna og leitina brostið lögmælt skilyrði. Jafnvel þótt skilyrði hefðu verið fyrir hendi, hafi handtakan, eins og hún var framkvæmd, verið of formlaus til þess að vera lögleg, þar sem þeim voru ekki gefnar upp neinar ástæður. Ekki hafi heldur verið beðið um leyfi til leitar á þeim og síðan hafi hann og þau í hópn um verið geymd í fangaklefa að nauðsynjalaus. Engin skýrsla hafi verið tekin og sýni það enn formleysi í aðgerðum lögreglunnar, sem geri þær löglausar. Heimildir til handtöku séu undantekningar frá mannréttindaákvæðum og slíkar undantekningar verði að fara varlega með og komi þar til strangrar formkröfur. Lögreglan verði að koma fram með stillingu og ekki gerast offari, til þess að allt fari ekki úr böndum, eins og þarna hafi gerst. Lögreglan hafi þarna tekið mikla áhættu, of mikla, og samkvæmt beinum lagaheimildum 18. kafla laga um meðferð opinberra mála beri ríkisvaldið bótaskyldu í slíkum tilfellum. Stefnandi hafi einu sinni verið kallaður til lögreglunnar vegna bréfs, stílaðs á hann, sem hann hafi ekkert kannast við, og hann ætli ekki að þola slíka meðferð, sem þarna hafi átt sér stað, bótalaust, en það sé ekki bætur fyrir fjárhagslegt tjón, sem hann fari fram á, heldur nokkurs konar uppreisn æru í formi þeirrar bótagreiðslu, sem kafli laganna geri ráð fyrir. Slíkar bætur eigi beinlínis samkvæmt lögnum að vera aðhald fyrir lögreglu að fara eftir reglum í störfum sínum. Hér hafi þeim reglum ekki verið fylgt. Bótakrafan byggist á áður nefndri 151. gr. laga nr. 73/1973, sbr. 150. gr., sbr. 154. gr. Eðli kröfunnar sé skaðabótakrafa og miskabótakrafa, sbr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og byggist ábyrgð stefnda ríkissjóðs á réttarreglum um ábyrgð hins opinbera á skaðaverkum starfsmanna sinna. Réttur manna til bóta fyrir slíka ólögmæta handtöku, leit og frelsissviptingu sé grundvallarregla allra siðmenntaðra þjóða, enda sé hún tekin upp í samning Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. 5. mgr. 5. gr., sem orðið hafi að lögum hér á landi. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skuli hver sá maður, sem tekinn er höndum, án tafar fá vitneskju á máli, sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um sakir þær, sem hann er borinn. Þessa reglu hafi lögreglumennirnir brotið og að öðru leyti hafi engu skilyrði 61. gr. laga nr. 73/1973 verið fullnægt. Leitin, sem gerð hafi verið á stefnanda, hafi og orðið að byggjast á úrskurði dómara, sbr. 51. gr. laga nr. 73/1973 og 56. gr. sömu laga. Handtakan og leitin hafi ekki leitt neitt refsivert í ljós af

hálfu stefnanda og ekkert mál hafi verið höfðað gegn honum í framhaldi af þessum aðgerðum og sé réttmæti kröfu hans því augljóst.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að nægilegt tilfni hafi verið til framangreindra aðgerða af hálfu lögreglunnar, enda hafi aðgerðir þessar ekki verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi og móðgandi hátt. Handtakan hafi verið heimil samkvæmt 4. tl. 61. gr. laga nr. 73/1973 og heimild til leitarinnar felist í VII. kafla sömu laga, sbr. 55. gr. laganna, sbr. 56. gr. Heimild til geymslu stefnanda í fangaklefanum felist í 63. gr. sömu laga. Eins og fram sé komið í málinu, hafi aðdragandi aðgerðanna verið sá, að Þorsteinn J. Jónsson lögreglumaður, sem starfi við ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar, hafi, rétt áður en þetta gerðist, verið að rannsaka stórfelldar bréfasendingar með hassi frá Kaupmannahöfn. Þar hafi verið bréf merkt stefnanda, Karli Júlíussyni og Erni Ingólfssyni. Fáum dögum síðar hafi lögreglumaðurinn fengið öruggar heimildir frá heimildarmanni, sem aðstoðað hafi lögregluna margsinnis við uppljóstrun fíkniefnamisferla, um kaup Karls Júlíussonar og Arnar Ingólfssonar á meskalíntöflum og hafi sakadómari gefið út húsleitarúrskurð á hendur þeim. Sami heimildarmaður hafi tilkynnt Þorsteini um fyrirhugaða ferð Benónýs Ægissonar upp í Kollafjörð á ákveðnum tíma og í ákveðinni bifreið. Nafn Benónýs hafi oft komið fram í yfirheyrslum í fíkniefnamálum og Benóný hafi rekið leðurverkstæði með þeim Karli og Erni Ingólfssyni að Vesturgötu 24. Þannig hafi leikið sterkur grunur á, að fíkniefni mundu vera meðferðis í umræddri ferð, og rétt hafi því verið að sitja fyrir bifreiðinni og rannsaka hana og farþega. Upplýsingarnar um ferðir bifreiðarinnar hafi reynst réttar. Þegar bifreiðin hafi verið komin upp fyrir Dragháls, hafi hraði hennar verið aukinn mikið, allt upp í á að giska 100 km/klst, og hafi Benóný sagt hér fyrir réttinum, að hraðinn hafi getað verið 90 km/klst. Lögreglubifreiðin, sem fylgdi á eftir, hafi ekki náð að stöðva hana og þegar stöðvunarmerki hafi verið gefið uppi við Korpu, hafi hún heldur ekki stöðvast fyrr en við eftirför. Mikil umferð hafi verið úr bænum og ekki hafi verið unnt að stöðva bifreiðina á minna áberandi hátt. Þegar í ljós hafi komið, hve margir voru með bifreiðinni, hafi verið útilokað vegna fjöldans og hinna forvitnu vegfarenda að framkvæma nauðsynlega leit þarna á staðnum og hafi Þorsteinn því haft um tvennt að velja, að gefast upp og láta fólkið fara eða þá fá það niður á lögreglustöð. Þarna hafi verið um vandasamt verk

að ræða, þar sem gæta hafi þurft að því, að enginn spillti hugsanlegum sakargögnum, en fíkniefnin hass og meskalín séu fyrirferðarlítill. Sumir hafi hlýtt boðum um að fara upp í lögreglubífreið, þar á meðal stefnandi, en aðra hafi þurft að handjárna og taka með valdi. Þorsteinn hafi þekkt þarna alla, nema tvær stúlkur, af störfum sínum í fíkniefnamálum. Ljóst hafi verið, að alla hafi þurft að fara með, þar sem hver og einn gat verið með fíkniefni á sér, og leita varð í farangrinum. Á lögreglustöðinni hafi þurft að geyma fólkið einangrað hvert frá öðru, meðan leitað var í bifreiðinni, til þess að þau gætu ekki borið sig saman eða skotið sakargögnum undan. Leit á þeim hafi þurft að gera, bæði vegna þess að fjarlægja verður alla hættulega muni frá þeim, sem geymdur er í fangaklefa, og leita varð að sakargögnum. Hasspípan í fórum Karls hafi styrkt gruninn og fundur létta vínsins í bifreiðinni svo og látbragð hasshundsins Prins við leitina. Ekkert hafi þó fundist og hafi fólkinu þá verið sleppt jafnskjótt. Allt þetta hafi tekið eins skamman tíma og frekast var unnt, stöðvun bifreiðarinnar hafi farið fram um klukkan 2200 og fólkið hafi verið laust um miðnættið og það hafi verið í fangaklefum, eftir að leit var gerð á því og meðan leitin í bifreiðinni stóð yfir. Þorsteinn hafi tilkynnt upp yfir hópinn eftir stöðvunina, hvers vegna hún væri gerð, og á lögreglustöðinni hafi hverjum og einum verið gert ljóst, að leit væri gerð að fíkniefnum.

Af þessu sé ljóst, að í öllu hafi verið farið eftir reglum laga um meðferð opinberra mála við aðgerðir þessar. Eftir að hafa fengið upplýsingarnar um ferðir bifreiðarinnar um kvöldið, hafi Þorsteinn J. Jónsson árangurslaust reynt að ná til yfirmanna sinna í lögreglunni og hafi hann því sjálfur orðið að taka allar ákvarðair um hvert stig aðgerðanna og heimild til þeirra felist berum orðum í fyrrgreindum greinum laganna. Rétt sé og að geta þess, að fíkniefnabrot séu hér ný af nálinni og séu þau mjög sérstæð. Mjög erfitt sé að koma upp um þau, og slíkt sé nánast heppni, þar sem sakargögnin séu yfirleitt mjög auðfalin vegna smæðar, stundum næstum ósýnileg.

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að verði stefnandi talinn eiga rétt á bótum úr hendi stefnda, beri einungis að dæma miskabætur, þar sem stefnandi hafi ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni.

Niðurstaða.

Þegar litið er á rannsóknir Þorsteins J. Jónssonar, lögreglumanns í fíkniefnamálum, rétt áður en atburður sá gerðist, er mál

þetta fjallar um og lýst hefur verið, verður að telja, að hann hafi mátt hafa rökstuddan grun um, að fíkniefni gætu verið meðferðis í bifreið Benónýs Ægissonar, sem hann fékk upplýsingar um, og honum hafi því verið rétt og skylt að hefja af sjálfsdáðum rannsókn málsins og gera ráðstafanir til að afla sakargagna og gæta þess, að þau spilltust ekki, sbr. 35. gr. laga nr. 73/1973. Honum og lögreglumönnum undir hans stjórn var því rétt að stöðva bifreiðina, og verður ekki talið, að það hafi, eins og á stóð, verið gert á hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Samkvæmt 55. gr., sbr. 56. gr. laganna var lögreglumönnum rétt að leita á farþegum bifreiðarinnar og í bifreiðinni og farangri, sbr. 48. gr., sbr. 51. gr. laganna. Í ljós kom við stöðvunina, að í bifreiðinni voru átta manns, og þar sem lögreglumennirnir voru níu talsins, verður að telja, að eins og á stóð, hafi leit á staðnum verið óframkvæmanleg og rétt hafi því verið að flytja fólkið á lögreglustöðina. Hér verður og að hafa í huga, að þeir, sem voru í bifreiðinni auk Benónýs og Karls, voru þekktir af Þorsteini J. Jónssyni vegna rannsókna hans í fíkniefnamálum: Edda Sverrisdóttir hafði nýverið setið inni fyrir fíkniefnamisferli, Leifur Hauksson, eiginmaður hennar, hafði játað á sig fíkniefnamisferli, sbr. dskj. nr. 31. Á því skjali svo og dskj. nr. 30 bera Leifur Hauksson og Edda Sverrisdóttir, að stefnandi hafi komið með cannabis og hass til þeirra, og nýlega hafði Þorsteinn kallað stefnanda fyrir vegna bréfs, merkt honum, og grunað var, að innihéldi hass. Ólafur Mogensen hafði nýverið verið í yfirheyrslum í fíkniefnamáli, sem lauk með dómi á hendur honum. Auk þessara voru tvær stúlkur í bifreiðinni, sem ekki voru þekktar. Verður því að telja, að hinn rökstuddi grunur um, að fíkniefni væru meðferðis, hafi þarna ekki nauðsynlega átt að hverfa. Handtakan var því lögleg samkvæmt 4. tl. 61. gr. laganna. Stefnandi mótmælti ekki handtökunni né leit. Samkvæmt 63. gr. laganna var heimilt að geyma stefnanda og félaga hans einangraða hverja frá öðrum, meðan leit á hinum og í bifreiðinni fór fram. Stefnandi sat að hans eigin áliti í fangelsi í hálf tíma til klukkutíma. Ekki er upplýst í málinu, að farþegunum hafi við stöðvunina verið kynnt ástæða stöðvunarinnar og að hverju ætti að leita. Ekki verður þó talið, að það hafi skapað ringulreið, heldur er í ljós leitt, að þrjú úr hópnum veittu mótspyrnu, þegar þau fengu ekki að sjá handtöku- eða leitarheimild, sem lögreglunni samkvæmt ofansögðu var ekki nauðsyn á að hafa. Telja verður í ljós leitt, að fólkinu hafi verið kynnt ástæðan fyrir stöðvuninni og

leitinni, þegar á lögreglustöðina var komið, og verður það ekki talið of seint, eins og á stóð. Ekki verður talið, að stefnanda hafi verið haldið föngnum lengur en nauðsyn krafði. Heimilt var að láta stefnanda lausan, án þess að hann væri yfirheyrður um sakargiftir, enda hafði verið skráð nafn hans, fæðingardagur og heimilisfang.

Samkvæmt þessu verður ekki talið, að bótakrafa stefnanda hafi stóð í 151. gr., sbr. 150. gr. laga nr. 81/1962, nú laga nr. 73/1973, og verður aðalkrafa stefnda um sýknu af öllum kröfum stefnanda því tekin til greina.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 73/1973 ber að dæma ríkissjóð til að greiða málssóknarkostnað stefnanda, þar með talin laun lögmanns stefnanda, kr. 25.000.

Garðar Gíslason, aðalfulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, saksóknari ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Bergsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Málssóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun lögmanns stefnanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.
